

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 3. nóvember 2014 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-30/2014:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 1. apríl sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna gildistíma gjafabréfs sem hann fékk frá Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Telur álitsbeiðandi túlkun seljanda á gildistíma gjafabréfsins ekki standast lög og krefst efnda á gjafabréfinu.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 4. apríl sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 18. apríl. Engin andsvör né frekari gögn bárust kærunefndinni.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að álitsbeiðandi er handhafi gjafabréfs, útgefna af seljanda hinn 29. mars 2012. Í gjafabréfinu kemur fram að gegn afhendingu þess geti handhafi fengið flugmiða til fjóra til London eða Kaupmannahafnar með flugvélum seljanda. Í skilmálum bréfsins segi síðan að það gildi í tvö ár frá útgáfudegi. Segir álitsbeiðandi að þegar hann hugðist panta sér flug hinn 27. mars sl. hafi seljandi neitað að taka við gjafabréfinu sem greiðslu þar sem flugið sem álitsbeiðandi hugðist panta sér átti að eiga sér stað nokkrum vikum eftir lok gildistíma gjafabréfsins. Telur álitsbeiðandi að svo þröng túlkun á skilmálum gjafabréfsins fái ekki staðist og að skýra verði ákvæði gjafabréfsins neytanda, þ.e. álitsbeiðanda, í hag þar sem um sé að ræða frávík frá almennum fyrningartíma kröfuréttinda. Skýra verði skilmála gjafabréfsins þannig að almennar reglur um fyrningartíma kröfuréttinda gildi, eða í öllu falli að unnt sé að ganga frá viðskiptum á grundvelli gjafabréfsins innan gildistíma þess, þrátt fyrir að veitt þjónusta fari fram síðar.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af umræddu gjafabréfi. Þar segir m.a. orðrét: „Gjafabréf [raðnúmer] Flug fyrir 4 til London eða Kaupmannahafnar. Gildir í 2 ár frá útgáfudegi. Reykjavík, 29. mars 2012“. Í tölvubréfi frá seljanda, sem einnig fylgdi álitsbeiðni kemur fram að seljandi telji orðalag um gildistíma gjafabréfsins mjög skýrt. Þá er einnig tekið fram að helmingur gjafabréfsins hafi þegar verið nýttur.

IV

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. c-lið 1. mgr. 2. gr. laganna, en þar segir að lögin gildi um kaup á kröfum og réttindum. Að mati kærunefndarinnar fellur gjafabréf seljanda undir framangreint ákvæði.

Sem fyrr greinir snýr ágreiningur aðila að gildistíma gjafabréfs sem stafar frá seljanda, en álitsbeiðandi er handhafi gjafabréfsins. Gjafabréfið var gefið út hinn 29. mars 2012 en í

gjafabréfinu segir síðan orðrétt: „Flug fyrir 4 til London eða Kaupmannahafnar. Gildir í 2 ár frá útgáfudegi“. Álitsbeiðandi mun hafa reynt að leysa út gjafabréfið hinn 27. mars sl. en þá hafi seljandi hafnað því að taka við bréfinu sem greiðslu fyrir flug sem farin væru eftir 29. mars. Álitsbeiðandi mun þó þegar hafa leyst út flug fyrir tvo á áðurnefnda áfangastaði. Telur álitsbeiðandi að túlkun seljanda á skilmálum gjafabréfsins geti ekki staðist, m.a. með vísan til þess að í túlkun seljanda felist frávik frá almennum reglum um fyrningu kröfuréttinda, sbr. lög nr. 150/2007 og að sér ætti að vera heimilt að leysa gjafabréfið út innan gildistíma þess, þrátt fyrir að sú þjónusta sem gjafabréfið gildir fyrir, sé veitt síðar. Þessum skilning álitsbeiðanda mun seljandi hafa hafnað og talið að skilmálar gjafabréfsins væru mjög skýrir.

Kærunefndin telur að eins og orðalagi gjafabréfsins er háttáð og miðað við almenna túlkun á orðalagi þess, þ.e. að það gildi í 2 ár frá útgáfudegi, geti handhafi bréfsins, innan framangreinds tímafrests, krafist þess að seljandi afhendi sér flugmiða á þá áfangastaði sem gjafabréfi tilgreinir, án þess þó að þeir flugmiðar einungis gilda í flug innan tímafrests gjafabréfsins. Þannig feli orðalag bréfsins það í sér að handhafi þess ætti að geta nýtt það til greiðslu þeirra flugmiða sem bréfið kveður á um og eru keyptir innan tímamarka bréfsins. Telur nefndin að um þetta atriði gildi 1. mgr. 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup en þar segir að söluhlutur skuli, hvað varði tegund, magn gæði, aðra eiginleika og innpökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiði af samningi.

Telur kærunefndin því að álitsbeiðandi geti krafist efnda á gjafabréfinu skv. V. kafla laganna, en þar segir í 1. mgr. 19. gr.:

„Ef hlutur er ekki afhentur eða hann er afhentur of seint og ekki er neytanda um að kenna eða atvikum sem hann varða getur neytandi:

- a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 20. gr.;
- b. krafist efnda samkvæmt ákvæðum 21. gr.;
- c. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 23. gr.;
- d. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 24. gr.“

Kröfum álitsbeiðanda verður að líta á sem kröfu um efndir skv. ákvæðum 21. gr. laganna. Þar segir í 1. mgr. að ef söluhlutur hefur ekki verið afhentur á umsömdum afhendingartíma geti neytandi haldið fast við kaup og krafist efnda. Er það því mat kærunefndarinnar að álitsbeiðandi geti haldið fast við kaup og að seljanda beri því að afhenda honum tvö flugsæti á áðurnefnda áfangastaði, enda hafi álitsbeiðandi reynt eftir fremsta megni að efna kaupin í samræmi við skilmála gjafabréfsins. Ætti túlkun seljanda á gjafabréfinu að gilda, hefði honum veri í lófa lagið að útlista skilmála sína frekar í gjafabréfinu, t.a.m. með því að kveða á um ákveðið ferðatímabil. Það gerði seljandi ekki og verður hann því að bera hallann af því. Eins og málum er hér háttáð er eðlilegt að álitsbeiðandi leysi út gjafabréfi sem fyrst og eigi síðar en 1. janúar 2015.

V

Álitsorð

Seljanda, Y, er skylt að afhenda álitsbeiðanda, X, tvo flugmiða til London eða Kaupmannahafnar gegn afhendingu gjafabréfs, útgefnu 29. mars 2012.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir